

17.4.2018

Til Atvinnuveganefndar Alþingis.

Frumvarp til laga um Ferðamálastofu, 485. mál.

Ég fagna því að nú eigi að afmarka og skýra vel hlutverk Ferðamálastofu sem leyfisveitanda í ferðaþjónustu, samhæfingaraðila rannsókna í ferðaþjónustu ásamt því að stofnunin fylgist með og stuðli að þróun greinarinnar þvert á hin ýmsu svið, bæði innan stjórnsýslunnar og meðal ferðaþjónustuaðila.

Mér finnst það hinsvegar miður að í lögum þessum sé ekki tekið nóguvel á því að Ferðamálastofa geti stoppa erlendar ferðaskrifstofur sem starfa á utan lögsögu Íslands geti haldið áfram að starfa óáreittar og án þess að skila fullum virðisauka af ferðaþjónustunni til skattayfirvalda og einnig að komið sé í veg fyrir það að þeir geti verið með sjálfbóðaliða í vinnu sem fá eingöngu þjóf fé í laun. Þetta skekkir mjög samkeppnisaðstöðu Íslenskrar ferðaskrifstofna og gerir þeim í raun ókleift að keppa við þær á jafningja grunni.

Í 8. gr. lagana segir:

Sækja skal um leyfi til reksturs samkvæmt lögum þessum til Ferðamálastofu a.m.k. tveimur mánuðum áður en fyrirhuguð starfsemi skal hefjast.

Skilyrði leyfis er að umsækjandi eða forsvarsmaður hans, ef um lögaðila er að ræða, uppfylli eftirfarandi skilyrði:

a. hafi búsetu innan aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum,

b. sé lögráða, hafi forræði á búi sínu og hafi ekki á síðustu fjórum árum í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt lögum þessum, almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl. eða staðgreiðslu opinberra gjalda,

c. hafi skráð starfsemi sína hjá ríkisskattstjóra,

Til þess að skerpa á hlutverki Ferðamálastofu ætti að setja það sem grunnskilyrði að allir þeir sem selja ferðir á Íslandi þurfi að hafa Íslenskt heimilisfesti, forsvarsmann sem býr á landinnu og vera með VSK númer.

Spurningin er hvort það takist að hafa þetta í ferli með ákvæði C í [8.gr.](#)?

Einnig þarf að skerpa á og setja inn í löginn að þeir sem eru ekki skráðir hjá ríkisskattsjóra að þeir hafi ekki heimild til að reka ferðir á Íslandi og að Ferðamálastofa hafi heimild til að biðja lögreglu um að stoppa för erlendra ferðaskrifstofa í ólöglegum rekstri á Íslandi.

Óska ég eftir að þessu verði bætt við inn í löginn.

Hvað varðar neðan greint ákvæði í [8.gr.](#) :

Erlendur seljandi eða ferðasali dagsferða sem hyggst opna starfsstöð á Íslandi skal sækja um leyfi, framvísa skírteini um ábyrgðartryggingu sem í gildi er og hafa öryggisáætlun eins og nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

Einnig ætti að setja inn í lög um Ferðamálastofu að allir sem fá leyfi fyrir ferðaþjónustu rekstri á Íslandi þurfi að vera í Vakanum, gæða og umhverfiskerfi ferðaþjónustunnar. Í raun ætti að gera Vakan að skilyrði fyrir því að seljandi eða ferðasali dagsferða geti starfað í Íslenskri ferðaþjónustu.

Til þess að lög um ferðamál á Íslandi séu í einhverju heildrænu samhengi þá þarf nauðsynlega að taka upp einnig lög um ferðmál og skerpa á skattamálum gagnvart erlendum ferðaskrifstofum, sýnist mér að hugur þeirra sem skrifa frumvarpið sé í þessa átt saman ber greinargerð 3.4 sem fylgir hér með.

En spurningin sem situr eftir og við sem rekum ferðþjónustu á Íslandi í ójafnri samkeppni við erlendar ferðaskrifstofur spyrjum okkur að er þessi; hefur Ferðamálastofa einhver úrræði til að stopp erlendar ferðaskrifstofur sem reka víðtæka ferðþjónustu í landinu án þess að skila af því sköttum og gjöldum ?

Ef ekki þá óskum við eftir því að Ferðamálastofu verði einnig falið það vald ásamt íslenskum lögreglumönnum.

Kær Kveðja - Best Regards
Ingibjörg Gudjónsdóttir
Business development & innovation / Co-owner
inga@icelandrovers.is
Direct phone: +354 899 7881